

**271. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, mánudaginn 17. júlí 2023 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Guðmundur Ingbór Guðjónsson formaður, Sædis Alexía Sigurmundsdóttir varaformaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður, Anna Þóra Gísladóttir verkefnastjóri, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Lárus Ársælsson umhverfisstjóri, Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri og Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Anna Þóra Gísladóttir, verkefnastjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2210065 - Kirkjubraut endurgerð**

Lárus Ársælsson umhverfisstjóri og Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi fóru yfir frumhönnun vegna endurgerðar Kirkjubrautar, Kalmansbrautar og vesturhluta Esjubrautar.

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar góða kynningu. Næstu skref verði að kynna ofangreinda hönnun fyrir hagsmunaaðilum þ.m.t. Veitum, Heilbrigðisstofnun Vesturlands og íbúum. Stefnt verði að því að bjóða verkið út sem heild á árinu 2024. Verkið verði síðan unnið á árunum 2025, 2026 og 2027.*

**2. 2303034 - Aðalskipulag Akraness breyting - Garðaflói**

Skipulagslýsing Garðaflóa fyrir aðalskipulagsbreytingu og nýtt deiliskipulag í Garðaflóa. Lýsingin var auglýst með fresti til að skila inn umsögnum til 14.04.2023.

Fimm umsagnir bárust.

*Innsendar umsagnir um skipulagslýsingu lagðar fram.*

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar framkomnar umsagnir um lýsinguna og felur skipulagsfulltrúa frekari vinnslu málsins.*

**3. 2303033 - Deiliskipulag Garðaflói**

Skipulagslýsing Garðaflóa fyrir aðalskipulagsbreytingu og nýtt deiliskipulag í Garðaflóa. Lýsingin var auglýst með fresti til að skila inn umsögnum til 14.04.2023.

Fimm umsagnir bárust.

*Innsendar umsagnir um skipulagslýsingu lagðar fram.*

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar framkomnar umsagnir við lýsinguna og felur skipulagsfulltrúa frekari vinnslu málsins.*

**4. 2202023 - Deiliskipulag Grjótkefluflóa**

Skipulagslýsing Grjótkefluflóa fyrir nýtt deiliskipulag Grjótkefluflóa. Lýsingin var auglýst með fresti til að skila inn umsögnum til 14.04.2023.

Sex umsagnir bárust.

*Innsendar umsagnir um skipulagslýsingu lagðar fram.*

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar framkomnar umsagnir við lýsinguna og felur skipulagsfulltrúa frekari vinnslu málsins.*

**5. 2103268 - Deiliskipulag - Höfðasel**

Skipulagslýsing Höfðasel fyrir nýtt deiliskipulag Höfðasel. Lýsingin var auglýst með fresti til að skila inn umsögnum til 14.04.2023.

Fimm umsagnir bárust.

*Innsendar umsagnir um skipulagslýsingu lagðar fram.*

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar framkomnar umsagnir við lýsinguna og felur skipulagsfulltrúa frekari vinnslu málsins.*

**6. 2305045 - Aðalskipulag Akraness 2021-2033 breyting - Jaðarsbakkar**

Skipulagslýsing Jaðarsbakka fyrir aðal- og deiliskipulagsbreytingu á Jaðarsbökkum. Lýsingin var auglýst með fresti til að skila inn umsögnum til 06.07.2023.

11 umsagnir bárust.

Bréf Íþróttabandalags Akraness um framtíðarsýn Jaðarsbakka vegna vinnu að deiliskipulagstillögu lagt fram.

Samþykkt bæjarráðs er varðar fyrirkomulag vegna skipulagsvinnu á Jaðarsbökkum lagt fram.

*Innsendar umsagnir um skipulagslýsingu lagðar fram.*

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar framkomnar umsagnir við lýsinguna og felur skipulagsfulltrúa frekari vinnslu málsins í samræmi við bókun bæjarráðs 29. júní 2023. Ráðið tekur undir tillögu skipulagsfulltrúa að eftirfarandi stofum sé falið að koma með frumhugmyndir um skipulag á Jaðarsbökkum:  
Basalt, Sei studio, Landmótun og Arkþing Nordic.*

*Í þeirri vinnu sé horft til ofangreindar skipulagslýsingar og þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu.*

**7. 2304154 - Deiliskipulag Jaðarsbakkar**

Skipulagslýsing Jaðarsbakka fyrir aðal- og deiliskipulagsbreytingu á Jaðarsbökkum. Lýsingin var auglýst með fresti til að skila inn umsögnum til 06.07.2023.

11 umsagnir bárust.

Bréf Íþróttabandalags Akraness um framtíðarsýn Jaðarsbakka vegna vinnu að deiliskipulagstillögu lagt fram.

Samþykkt bæjarráðs er varðar fyrirkomulag vegna skipulagsvinnu á Jaðarsbökkum lagt fram.

*Innsendar umsagnir um skipulagslýsingu lagðar fram.*

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar framkomnar umsagnir við lýsinguna og felur skipulagsfulltrúa frekari vinnslu málsins í samræmi við bókun bæjarráðs 29. júní 2023. Ráðið tekur undir tillögu skipulagsfulltrúa að eftirfarandi stofum sé falið að koma með frumhugmyndir um skipulag á Jaðarsbökkum:  
Basalt, Sei studio, Landmótun og Arkþing Nordic.*

*Í þeirri vinnu sé horft til ofangreindar skipulagslýsingar og þeirra gagna sem liggja fyrir í málinu.*

**8. 2307031 - Höfðagrund 11 - fyrirspurn til skipulagsfulltrúa**

Fyrirspurn Soffíu Sóleyjar Magnúsdóttur lóðarhafa Höfðagrund 11 um stækkun lóðar í austur.

*Skipulags- og umhverfisráð getur ekki orðið við erindinu.*

**9. 2307052 - Skagabraut 43 - Umsókn til skipulagsfulltrúa**

Umsókn Orkunnar IS ehf. um breytingu á deiliskipulagi Arnardalsreits. Sótt er um að breyta byggingarreit A-4. Breytingin felst í að byggingareit fyrir þvottastöð er breytt í byggingarreit fyrir spennistöð og tæknirými. Útlit og gerð spennistöðvar skv. meðfylgjandi skjali.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að erindið verði grenndarkynnt í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verður fyrir lóðarhöfum Þjóðbrautar 1, Stillholts 23 og 16-18, Háholts 32, Skagabrautar 41, 41a, 39, 44, 46, 48 og 50.*

**10. 2306036 - Víkurbraut 1 - djúpgámar f. Grundaskóla**

Umsókn um byggingarleyfi vegna djúpgáma við Grundarskóla, svæðið er ódeiliskipulagt. Búin verður til ný lóð í bæjarlandi Akraneskaupstaðar, Víkurbraut 1 og komið verður fyrir fimm djúpgámum á lóð. Aðgengi að lóð verður í gegnum núverandi aðrein, sleppistöð. Erindið var grenndarkynnt samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 8. júní 2023 til 10. júlí 2023, fyrir lóðarhöfum Bjarkargrund 10, 12, 14, 16, 18 og 20 og Espigrund 1. Engar athugasemdir bárust.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð í umboði bæjarstjórnar að samþykkja áform um byggingarleyfi sbr. grenndarkynningu.*

**11. 2307076 - Deiliskipulag Skógarhverfi áfangi 3C - breyting Skógarlundur 42**

Breyting á deiliskipulagi Skógarhverfis áfanga 3C. Breytingunni felst lóð við skógarlund 42 fer úr 1977 fm í 1771 fm, Skógarlundur 40 fer úr 1620 fm í 1791 fm. Íbúðarfjöldi verði 6 íbúðir í stað 4 íbúðir, gerð verður lóð fyrir dreifistöð rafveitu við norðurhorn lóðar. Annað er óbreytt.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð í umboði bæjarstjórnar að breytingin verði samþykkt skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.*

**12. 2307077 - Deiliskipulag Skógarhverfi áfangi 3B - breyting Grenndarstöð**

Breyting á deiliskipulagi Skógarhverfi 3B, lóðinni Asparskógum 25. Í breytingunni felst að koma fyrir grenndarstöð fyrir 8 djúpgámum, gerð er lóð undir gámana og bílstæði fyrir sorpbíl annað er óbreytt.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð í umboði bæjarstjórnar að breytingin verði samþykkt skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.*

**13. 2302117 - Lerkigrund 9, Grundasel - sólskáli**

Opnun tilboða í vinnu við sólskála.  
Eitt tilboð barst í verkið (með vsk):  
Trésmiðja Þráins E Gíslasonar ehf. kr. 18.236.226  
Kostnaðaráætlun er kr. 16.400.000

*Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs að ganga frá samningum við tilboðsgjafa, Trésmiðju Þráins E Gíslasonar ehf.*

**14. 2104149 - Grunnskólalóðir - endurgerð (Brekubæjarskóli - Grundaskóli)**

Minnisblað vegna stækkunar á bílastæði við Grundaskóla kynnt.

*Skipulags- og umhverfisráð felur verkefnastjóra framkvæmda að vinna áfram að málinu.*

**15. 2307058 - 30 km götur**

Lárus Ársælsson umhverfisstjóri kynnti tillögu að 30 km hraðatakörkun á Höfðabraut, Skarð, Skarðsbraut og Vallarbraut, auk þess að afmakra svæðið framan við Vallarsel með 30 km hliðum beggja vegna.

*Skipulags- og umhverfisráð samþykkir framlagðar tillögur og felur umhverfisstjóra að ljúka við málið.*

**16. 2306149 - Vatnsrannsóknir á Akranesi**

Minnisblað, um áætlun Verkís yfir athugun á grunnvatni og lagnakerfi í norðvestur hluta Akraness, lagt fram.

*Skipulags- og umhverfisráð felur umhverfisstjóra áframhaldandi vinnslu málsins.*

**17. 2206177 - Sementsreitur útboð á byggingarrétti 2022**

Ráðhús reitur, hugmyndafræði kynnt.

*Sviðsstjóri fór yfir hugmyndafræði varðandi byggingu á ráðhúsi.*

*Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs að halda vinnslu málsins áfram.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:00.**